

Hafnarfjarðarbær
Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri

14.01.2022

Varðandi: Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022 – 2033 til staðfestingar sveitarstjórnar

Í samræmi við ákvæði 6. greinar laga nr. 55/2003 og samkomulag frá 15. maí 2009 hefur samstarfsvettvangur SORPU bs, Sorpurðunar Vesturlands hf. Sorpstöðvar Suðurlands bs og Kólku, sorpeyðingarstöðvar sf. unnið tillögu að nýrri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði samlaganna fjögurra fyrir tímabilið 2022 -2033.

Tillagan hefur á vinnslustigi verið kynnt á vettvangi aðildarsveitarfélaganna og hlotið meðferð í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana sbr. lög nr. 111/2021.

Í samræmi við framangreind ákvæði laga nr. 55/2003 er tillagan nú send til allra þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að áætluninni til formlegrar staðfestingar.

Tillagan er aðgengileg á vef samlausnar sbr. neðangreinda slóð:

www.samlausn.is

Óskað er eftir staðfestingu sveitarstjórnar fyrir 26. febrúar 2022.

f.h. samstarfsvettvangs sorpsamlaga á Suðvesturlandi

Teitur Gunnarsson

Rúnar D. Bjarnason

Páll Guðjónsson